

Breyting á fiskeldisstöðvum Stofnfisks í Höfnum

Reykjanesbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 2. janúar 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stofnfiski um fyrirhugaðar breytingar á tveimur fiskeldisstöðvum fyrirtækisins í Höfnum, Reykjanesbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11, 10.25 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Matvælastofnunar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um breytingar á starfs- og rekstrarleyfi fyrir Kirkjuvog og Seljavog í Höfnum

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fiskistofu með bréfi dags. 23. janúar 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 23. janúar 2020.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 21. janúar 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 20. janúar 2020.
- Orkustofnun með bréfi dags. 31. janúar 2020.
- Reykjanesbæ með tölvupóstum 21. febrúar og 3. mars 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. janúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 6. og 26. febrúar 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Stofnfiskur starfrækir tvær eldisstöðvar í Höfnum. Annarsvegar fiskeldisstöðina Kirkjuvog og hinsvegar tilrauna- og sóttkvíarstöðina Seljavog.

Í Kirkjuvogi hefur fyrirtækið rekstrarleyfi til framleiðslu á samtals 200 tonn á ári sem skiptast í 150 tonn af laxi, 5 tonn af bleikju, 5 tonn af þorski og 40 tonn af hrognkelsum. Starfsleyfi er útrunnið. Framleiðslugeta stöðvarinnar fyrir breytingu er 130 tonn á ári og var heildarframleiðsla ársins 2018, 80 tonn.

Stöðin í Seljavogi hefur verið notuð sem sóttkvíarstöð fyrir laxaseiði.

Kirkjuvogur

Áformað er að ala 160 tonn af laxi eða 160 tonn af hrognkelsaseiðum, hrognum og klakfiski. Einungis ein tegund af fiski verður í stöðinni hverju sinni. Áætlað er að standandi hámarkslífmassi á meðan hrognkelsi verða í stöðinni verði um 40 tonn. Standandi hámarkslífmassi á meðan lax er alinn er áætlaður um 80-90 tonn.



Fyrirhugað er að stækka stöðina um 232 m². Bæta þarf við nýrri borholu upp á 40 l/sek af jarðsjó. Fyrir eru fjórar borholur í notkun og er samanlögð vatnsvinnsla eftir stækkun áætluð 260 l/sek.

Frárennsli rennur óhreinsað í sjó austan og vestan vegin við eldisstöðina. Frárennsli uppfyllir ekki ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp og hyggst Stofnfiskur óska eftir undanþágu á grundvelli gr. 9.7 í sömu reglugerð.

Seljavogur

Áformað er að ala 1 tonn af laxi og 19 tonn af hrognkelsum í stöðinni. Áætlaður hámarkslífmassi er 800 kg af laxi og 2 tonn af hrognkelsum.

Stöðin notast við ferskvatn frá vatnsveitunni í Höfnum. Í stöðinni er endurnýtingarkerfi sem endurnýtir vatn um allt að 85%. Stöðin fær jarðsjó úr borholu.

Vatnsnotkun er um 0,16 l/sek af ferskvatni á tímabilinu frá desember til september og 20 l/sek af jarðsjó frá október til nóvember.

Frárennsli rennur í gegnum klórtank og fiskigildru áður en það rennur út í sjó.

Breyting á framkvæmdaáformum á málsmeðferðartíma

Upphafleg tilkynning framkvæmdaraðila gerði ráð fyrir 612 m² stækkun á eldisstöð að Kirkjuvogi. Í fyrri umsögn Reykjanesbæjar kom fram að á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar 17. janúar 2020 hafi verið samþykkt að grenndarkynna 230 m² stækkun á húsnæðinu. Ólíklegt væri að frekari stækkun yrði heimiluð í ljósi þess að árin 2015 og 2019 hafi 875 m² og 900 m² stækkunum verið hafnað.

Í kjölfar umsagnarinnar breytti framkvæmdaraðili áformum sínum til samræmis við umsókn um 230 m² stækkun.

4 UMHVERFISÁHRIF

Losun næringarefna

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mikið brim sé við útrásir frárennslis frá báðum stöðvum og hröð vatnsskipti sem ætti að gera það að verkum að uppsöfnun næringarefna verði lítil. Vatn sé vaktað við innrennsli og frárennsli úr stöðvunum.

Vöktun nái til svifagna, heildar fosfórs, heildar köfnunarefnis og COD (mg/L). Sýnataka fari fram einu sinni á ári.

Fóðurstuðull í Kirkjuvogi hafi verið 0,66 vegna núverandi eldis og losun á fosfór um 11,08 kg á hvert framleitt tonn af hrognkelsum.

Fóðurstuðull í Seljavogi hafi verið 0,73 vegna núverandi eldis og losun á fosfór 0,68 kg á hvert framleitt tonn af fiski.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin taki undir að brimsamt sé í Höfnum og blöndun vatns sé að jafnaði mikil. Stofnunin muni þó ávallt krefja rekstraraðila um frekari hreinsun á frárennsli eldisins áður en það er losað í fjörुकambinn ef mælingar/útreikningar á losun næringarefna sýna styrk yfir mörkum. Kann það að vera sérstaklega mikilvægt ef nýtt verður undanþága gr. 9.7 í reglugerð um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun mun við vinnslu starfsleyfis ákvarða losunarmörk út frá fóðurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás í viðtaka.



Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því gefnu að starfsemin komi til með að uppfylla skilyrði mengunarvarna sem sett verða í starfsleyfi.

Í frekari upplýsingum frá Stofnfiski segir fyrirtækið muni virða losunarmörk sem sett verða í starfsleyfi og setja upp hreinsistöð á frárennsli reynist losun of mikil. Þá verði leitað úrbóta á staðsetningu og tilhögun útrásar frárennslis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja ef þörf krefur.

Grunnvatn

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ekki sé gert ráð fyrir að vatnstaka hafi afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu þar sem um töku á jarðsjó er að ræða.

Í umsögn Orkustofnunar eru ekki gerðar athugasemdir við áform Stofnfisks um vinnslu grunnvatns.

Viltir fiskistofnar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að allt frárennsli frá kerjum í Kirkjuvogi fari í gegnum stálgrindur sem hæfa stærð fisks.

Í Seljavogi séu einnig stálistar á kerjum auk þess að frárennsli fari í gegnum rotþró og fiskigildru.

Ekki sé kunnugt um að fiskur hafi sloppið úr núverandi eldi.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Í svörum Stofnfisks við umsögn Matvælastofnunar kemur fram að fyrirtækið muni setja upp fiskigildru á frárennsli frá Kirkjuvogi og verið sé að kanna möguleika á útfærslu slíkrar gildru.

Menningarminjar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fornleifar sé að finna í Höfnum en engar á athafnasvæðunum þar sem eldisstöðvarnar eru staðsettar. Fornleifafræðingur muni taka út framkvæmdasvæði áður en eldisstöð við Kirkjuvog verði stækkuð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að um 50 m vestan við eldisstöð í Kirkjuvogi séu rústir bæjarins Kotvogs. Nýbygging Stofnfisks muni liggja fjær rústum en núverandi byggingar og ekki skerða verndargildi bæjarrústa frekar en orðið er. Þá segir að á milli eldisstöðvanna tveggja séu rústir skála sem talinn er vera frá upphafi landnáms á Íslandi. Minjunum stafi ekki hætta af stækkun fyrirhuguðum framkvæmdum. Minjastofnun Íslands bendir á að gæta þurfi þess að raska ekki vör sem samkvæmt fornleifaskráningarskýrslu er sögð norðan við bæinn Staðarhól.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag en umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að grenndarkynna stækkun á eldisstöð við Kirkjuvog.

Skipulagsstofnun bendir á skilmála hverfisverndar í aðalskipulagi.

Framkvæmdin kann að vera háð framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi ef kemur til breytinga á frárennsli. Byggingarleyfi Reykjanesbæjar samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir



atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Framkvæmdin er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Sækja þarf um undanþágu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. 7. mgr. 9 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á tveimur landeldisstöðvum með frárennsli í sjó. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11, lið 10.25 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða breytingar á fyrirkomulagi eldis í tveimur eldisstöðvum. Ekki er um umfangsmikið eldi að ræða og verður samanlagður hámarkslífmassi beggja stöðva undir 100 tonnum hverju sinni. Við stækkun á eldisstöðinni Kirkjuvogi mun framleiðslugeta aukast úr 130 tonnum á ári í 160. Frá stöðvunum mun lífrænn úrgangur berast til sjávar. Umhverfisstofnun mun við vinnslu starfsleyfis ákvarða losunarmörk út frá fóðurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás í viðtaka. Umhverfisstofnun mun krefjast frekari hreinsun á frárennsli ef þörf þykir og mun framkvæmdaraðili verða við því ef til þess kemur.

Framkvæmdaraðili hyggst sækja um undanþágu heilbrigðisnefndar skv. 7. mgr. 9. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp. Verði undanþága ekki veitt að óbreyttu mun framkvæmdaraðili þurfa að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um útfærslu frárennslis. Að mati Skipulagsstofnunar ætti að liggja fyrir undanþága, skv. áðurnefndum ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp, eða nánari útfærsla á frárennsli áður en starfsleyfi er veitt.

Rekstri fiskeldisstöðvanna fylgir vinnsla jarðsjós í nokkru magni. Við stækkun á eldisstöðinni Kirkjuvogi mun vatnsnotkun aukast úr 225 l/sek í 265 l/sek. Orkustofnun gerir ekki athugasemd við áform Stofnfisks um nýtingu grunnvatns.

Ristar eru á hverju kari til að varna því að fiskur sleppi þá er fiskigildra á frárennsli frá Seljavogi. Framkvæmdaraðili mun koma fyrir fiskigildru á frárennsli frá Kirkjuvogi í samræmi við ákvæði reglugerðar um fiskeldi.

Með hliðsjón af ofangreindu og að um umfangslítið eldi er um að ræða telur Skipulagsstofnun að þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, meðal annars með tilliti til landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fjörur, strandlengja og grunnsævi undan Höfnum tilheyra svæði sem nefnist Ósar og er á náttúruminjaskrá. Þar er að finna mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur og vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda. Þar af leiðandi mun útrás frárennslis vera innan svæðis á náttúruminjaskrá.



Með hliðsjón af því hve umfangslítið eldið er og að í starfsleyfi verður kveðið á um losunarmörk telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að hafa áhrif á verndargildi svæðisins.

Þéttbýlið Hafnir nýtur hverfisverndar vegna minja og búsetulandslags. Með hliðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og að einu byggingaráformin sem felast í framkvæmdunum er um 230 m² viðbygging við eldisstöðina Kirkjuvog telur Skipulagsstofnun ekki hættu á að framkvæmdin hafi áhrif á verndargildi svæðisins.

Skipulagsstofnun að þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdar kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á viðtaka og náttúruverndarsvæðið Ós. Með hliðsjón af því að um er að ræða umfangslítið eldi, litla aukningu á framleiðslugetu og öflugum viðtaka má gera ráð fyrir að áhrif verði minniháttar. Vöktun og ákvæði í starfsleyfi tryggja að mögulegt verður að draga úr áhrifum reynist þau yfir mörkum í starfsleyfi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. júní 2020.

Reykjavík, 30. apríl 2020

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson